

um tilkynningar aðsetursskipta.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarstjórar (í Reykjavík Manntalsskrifstofan) og í hreppum oddvitar veita viðtöku tilkynningum um aðsetursskipti samkvæmt lögum þessum, og er átt við þessa aðila alls staðar þar, sem lögin kveða svo á, að slíkar tilkynningar skuli sendar sveitarstjórnnum.

2. gr.

Hver sá, sem skiptir um aðsetur innan sveitarfélags, skal tilkynna það hlutaðeigandi sveitarstjórn áður en 7 dagar eru liðnir frá því, að aðsetursskiptin áttu sér stað.

Einstaklingur, sem dvelst í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann á heimilisfang, er tilkynningarskyldur samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, ef hann á sínum tíma var skyldur til að tilkynna komu sína í umdæmið, samkvæmt ákvæðum 3. eða 5. gr., eða hefði verið skyldur til þess, ef þessi ákvæði hefðu verið í gildi á þeim tíma.

3. gr.

Hver sá, sem flytur í annað sveitarfélag í því skyni að taka sér þar heimilisfang, skal tilkynna það sveitarstjórn þess umdæmis, sem hann flytur til, áður en 7 dagar eru liðnir frá því, að flutningurinn átti sér stað.

Nú hefur maður verið staddur tvo mánuði í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, og skal hann þá innan 7 daga tilkynna aðsetur sitt sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem hann er staddur, og m. a. tilgreina, hvaða dag hann kom í umdæmið. Ákvæði þetta tekur til vistmanna á hælum, sjúklinga í sjúkrahúsum, gesta í gistihúsum og fanga í fangelsum jafnt og til þeirra, sem hafa aðsetur í venjulegu húsnæði utan heimilissveitar sinnar.

Frá ákvæði 2. mgr. um tilkynningarskyldu gilda eftirfarandi undantekningar:

1. Alþingismenn og opinberir starfsmenn, sem dvelja lengri eða skemmri tíma við skyldustörf í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir teljast eiga heimilisfang.
2. Barn, sem dvelur sumarlangt eða annað takmarkað tímabil á barnaheimili, í sveit eða annars staðar utan heimilissveitar sinnar. Hins vegar skal, samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, tilkynna aðsetursskipti fyrir barn, sem fyrirsjáanlega mun dvelja lengri tíma á barnahæli eða þ. u. l. stofnun í öðru sveitarfélagi en þar, sem það á heimilisfang.
3. Þeir, sem dvelja eingöngu eða að mestu leyti til náms í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir teljast eiga heimilisfang. Þó skulu iðnnemar við nám í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir teljast eiga heimilisfang, vera tilkynningarskyldir samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.
4. Þeir, sem dvelja í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir teljast eiga heimilisfang, við störf, sem samkvæmt venju eru árstíðarbundin, svo sem við fiskveiðar á vertíð með tilheyrandi vinnslu afurða o. fl. Enn fremur við heyskap eða önnur sveitastörf að sumarlagi, við vegagerð utan kaupstaða, og þ. u. l.

Undantekningar þær frá tilkynningarskyldu, sem greindar eru í 3. mgr. þessarar greinar, gilda aðeins, meðan þau atvik, sem gefa tilefni til undantekningar, eru fyrir hendi, og verða aðilar tilkynningarskyldir, þegar þeir hafa dvalið í viðkomandi umdæmi tvo mánuði eftir brottfall þess atviks, sem um ræðir hverju sinni. Skal þá aðili innan 7 daga tilkynna aðsetur sitt sveitarstjórn umdæmisins og m. a. tilgreina, hvaða dag hann kom í umdæmið.

4. gr.

Hver sá, sem samkvæmt ákvæðum 3. gr. hefur orðið tilkynningarskyldur í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, skal við endurkomu til heimilissveitar sinnar, áður en 7 dagar eru liðnir, tilkynna aðsetur sitt hlutaðeigandi sveitarstjórn.

5. gr.

Nú kemur til landsins íslenzkur ríkisborgari, sem verið hefur búsettur erlendis, í því skyni að taka sér hér heimilisfang, og skal hann þá, áður en 7 dagar eru liðnir frá komunni í umdæmið, tilkynna aðsetur sitt hlutaðeigandi sveitarstjórn.

Að öðru leyti eru íslenzkir ríkisborgarar og útlendingar, sem til landsins koma, tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum 2.—4. mgr. 3. gr., eftir því sem þau eiga við.

6. gr.

Nú fer úr landi maður — sem tilkynnt hefur verið aðsetur fyrir eða hefði átt að tilkynna aðsetur fyrir, ef lög þessi hefðu verið í gildi — til þess að taka sér bólfestu erlendis eða til þess að dvelja þar 6 mánuði eða lengur, án þess að um sé að ræða námsdöl, og skal hann þá, áður en hann hverfur úr landi, tilkynna það sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem hann hefur aðsetur, þegar hann fer.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar gildir ekki fyrir þá, sem fara utan til náms, en þegar þeir koma til landsins að afloknu námi, skulu þeir tilkynna aðsetur sitt sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem þeir setjast að, ef það er annað en það sveitarfélag, þar sem þeir hafa haft skráð aðsetur meðan þeir dvöldu erlendis.

7. gr.

Hver sá, sem tilkynnt hefur aðsetur í einhverju sveitarfélagi samkvæmt fyrir-mælum laga þessara, eða hefði verið skyldur til að gera það, ef lög þessi hefðu verið í gildi á viðkomandi tíma, er samkvæmt 2. gr. skyldur til að tilkynna breytingar, sem verða kunna á aðsetri hans innan sama umdæmis. Fari hann í annað sveitarfélag, skal hann, ef ákvæði 3. gr. taka til dvalar hans þar, tilkynna aðsetur sitt sveitarstjórn umdæmisins, hvort sem hann á þar heimilisfang eða ekki.

8. gr.

Tilkynningarskylda sú, sem lög þessi mæla fyrir um, gildir án tillits til fjölskyldutengsla. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. skal t. d. kvæntur maður, sem dvelur a. m. k. tvo mánuði í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, án þess að um sé að ræða undantekningu frá tilkynningarskyldu samkvæmt 3. mgr. 3. gr., tilkynna aðsetur sitt, hvort sem um er að ræða slit á samvistum við konu hans eða ekki.

9. gr.

Tilkynningarskylda sú, sem mælt er fyrir um í lögum þessum, hvílir á hverjum einstaklingi, sem fyllt hefur 18 ára aldur. Forráðamenn einstaklinga innan 18 ára aldurs og þeirra, sem sviptir hafa verið sjálfræði, skulu sjá um, að fullnægt sé tilkynningarskyldu fyrir skjólstæðinga þeirra.

Hver húsráðandi ber ábyrgð á því, að fullnægt sé tilkynningarskyldu fyrir einstaklinga, sem taka sér aðsetur í húsnæði á hans vegum, og sama skylda hvílir á forstöðumönnum hæla, sjúkrahúsa, skóla, gistihúsa, fangelsa og annarra slíkra stofnana, að því er tekur til tilkynningar aðseturs fyrir einstaklinga, sem hafast við á slíkum stöðum. Enn fremur ber hver húseigandi ábyrgð á því, að fullnægt sé tilkynningarskyldu fyrir þá, sem taka á leigu húsnæði hjá honum, þ. e. a. s. bæði fyrir fjölskylduföður og heimafolk, en hann er ekki ábyrgur fyrir því, að tilkynningarskylda sé fullnægt fyrir framleigutaka í húsi hans.

Bæjarstjórar og oddvitar skulu kvitta skriflega fyrir móttöku tilkynninga um aðsetursskipti.

Heimilt er að krefjast þess, að tilkynningar um aðsetursskipti séu látnar í té í tvíriti.

10. gr.

Tilkynningar þær um aðsetur, sem lög þessi mæla fyrir um, skulu vera á eyðublöðum, sem félagsmálaráðuneytið lætur gera í samráði við Hagstofu Íslands. Skal þar getið nafns þess eða þeirra, sem skipta um aðsetur, ásamt nákvæmum upplýsingum um það, hvar aðsetrið er, svo og um annað, sem greina þarf vegna spjaldskrár þeirrar yfir alla landsmenn, sem fyrirhugað er að koma á fót.

11. gr.

Tilkynningar þær um aðsetursskipti, sem bæjarstjórar og oddvitar fá í hendur, skulu sendar Hagstofu Íslands, eftir að hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa haft tækifæri til að skrá úr tilkynningunum það, sem þær þarfnast vitneskju um.

Félagsmálaráðuneytið ákveður tilhögun á sendingu tilkynninga til Hagstofu Íslands, og hvaða tímafrestir skulu gilda í því sambandi.

12. gr.

Bæjarstjórum og oddvitum er heimilt að krefjast þess af skólastjórum og forstöðumönnum námsmannabústaða í sveitarfélaginu, að þeir láti hinum fyrir nefndu í té skrár, í tilteknu formi, yfir námsmenn, sem eiga heimilisfang utan viðkomandi sveitarfélags.

13. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu, hver í sínu umdæmi, stuðla að því með virkum aðgerðum, að menn fullnægi sem bezt ákvæðum laga þessara um tilkynningarskyldu. M. a. skulu þær, einkum í fámennari sveitarfélögum, ef svo ber undir gangast fyrir því, að tilkynningarskyldu sé fullnægt fyrir einstaklinga, sem láta undir höfuð leggjast að sinna þessari skyldu, eða eiga þess ekki kost einhverra hluta vegna.

14. gr.

Lögreglustjórar utan Reykjavíkur skulu, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með framkvæmd á fyrirmælum laga þessara og aðstoða hlutaðeigandi bæjarstjórnir og hreppstjóra eftir föngum við hana.

Útlendingaeftirlitið skal aðstoða við framkvæmd laga þessara eftir föngum, einkum í sambandi við eftirlit með því, að þeir, sem koma til landsins og fara frá landinu, fullnægi tilkynningarskyldu samkvæmt ákvæðum laganna.

15. gr.

Ákvæði laga þessara snerta á engan hátt reglur gildandi löggjafar um heimilisfang og réttindi og skyldur manna í því sambandi.

16. gr.

Ríkissjóður ber kostnað af prentun eyðublaða og sendingu þeirra til sveitarstjórna, en þær bera allan annan kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara um tilkynningarskyldu varða sektum 200—2000 kr., sem renna í sveitarsjóð þess sveitarfélags, þar sem aðili er tilkynningarskyldur. Skal fara með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó þannig að tilkynna ber, samkvæmt fyrirmælum laganna, öll aðsetursskipti, sem eiga sér stað frá og með 17. október 1952.

Með lögum þessum eru numin úr gildi ákvæði um tilkynningu bústaðaskipta í lögum nr. 95/1936, um heimilisfang, og í lögum nr. 18/1901, um manntal í Reykjavík, svo og önnur ákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um þessar mundir er verið að vinna að stofnun spjaldskrár yfir alla landsmenn og standa eftirtaldir aðilar að því verki: Berklavarnir ríkisins, bæjarsjóður Reykjavíkur, fjármálaráðuneytið, Hagstofa Íslands og Tryggingastofnun ríkisins. Hagstofa Íslands annast framkvæmd verksins fyrir hönd þessara aðila.

Spjaldskrárgerð þessari er hagað þannig, að fyrst er aðalmanntalið 1. des. 1950 tekið upp á svo nefnd vélspjöld. Þegar því verki lýkur, liggur fyrir fullkomin spjaldskrá yfir alla landsmenn eins og þeir voru 1. desember 1950, með nöfnum, heimilisfangi og öllum þeim upplýsingum öðrum, sem safnað var við það manntal. Síðan

verður sú spjaldskrá færð fram til 16. október 1952, eftir manntali því, er fram hefur farið miðað við þann dag, og eftir það þarf að taka inn í spjaldskrána, helzt jafnóðum eða því sem næst, allar breytingar mannfjöldans (fæðingar, giftingar, mannlát, bústaðaskipti o. fl.), sem máli skipta við starfrækslu spjaldskrárinnar, þannig að hún á hverjum tíma segi rétt til um sérhvern íbúa landsins.

Spjaldskráin er starfrækt með vélum, sem ekki aðeins láta í té margvíslegar tölulegar upplýsingar og útreikninga, heldur prenta vélarnar líka á sjálfvirkan hátt og með miklum hraða, nöfn og heimilisfang manna á þann hátt, sem þörf er fyrir hverju sinni.

Þegar búið verður að koma spjaldskrá þessari á fót og tryggja áframhaldandi viðhald hennar, eiga að geta orðið mikil og margháttuð not af henni í opinberri starfsemi og hún ætti að geta haft í för með sér mikinn vinnusparnað og stórbætt vinnubrögð á mörgum sviðum. Auk þess má búast við því, að vélarnar mundu, þegar frá líður, verða látnar vinna ýmis störf, sem hingað til hefur ekki þótt fært að ráðast í vegna kostnaðar. Sem dæmi um verksvið, þar sem spjaldskráin kemur til að hafa þýðingu, má nefna útreikning opinberra gjalda og tilsvarendi ritun reikninga, kjörskrárgerð, almannatryggingagreiðslur og ýmis rannsóknarstörf, svo sem berklarannsókir þær, sem til stendur að Berklavarnir ríkisins framkvæmi í samráði við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina, o. m. fl.

Spjaldskráin mun og hafa það í för með sér, að mannfjöldaskýrslur Hagstofunnar komist í fullkomið horf, þannig að fyrirvaralítið muni verða hægt að láta í té nýjar og nákvæmar upplýsingar um fólksfjöldann, bæði fyrir landið í heild og fyrir hin ýmsu umdæmi þess, og mun það hafa mikla þýðingu fyrir löggjöf og stjórnarstörf á mörgum sviðum. Loks má minna á, hversu miklu máli slík spjaldskrá muni skipta um hagsögu, ættfræði og mannfræði landsmanna.

Til þess að spjaldskráin geti orðið að æskilegum notum, verður að sjálfsgöðu að koma málum þannig fyrir, að aðilinn, sem stjórnar spjaldskránni, fái öruggar upplýsingar um allar þær breytingar mannfjöldans, sem máli skipta í þessu sambandi, og auk þess er mjög mikilvægt, að upplýsingarnar berist reglulega og sem allra fyrst eftir að breytingar eiga sér stað. Hagstofan fær á ársfjórðungsfresti tilkynningar frá prestum landsins um fæðingar, skírnir, hjónavigslur og mannlát, og á grundvelli þeirra semur Hagstofan og gefur út mannfjöldaskýrslur sínar. Þessar tilkynningar prestanna nægja til þess, að unnt sé að halda spjaldskránni við að því er tekur til umræddra breytinga á mannfjöldanum. En hins vegar hefur ekki enn verið komið á tilsvarendi öflun upplýsinga um aðsetursskipti, en það er skilyrði þess, að spjaldskrá geti komið að þeim notum, sem fyrr var lýst. Til þess þarf að tryggja reglulega öflun upplýsinga um aðsetursskipti á sama hátt og þegar á sér stað um fæðingar, skírnir, hjónavigslur og mannlát.

Í öllum menningarlöndum er mönnum gert að skyldu að tilkynna bústaðaskipti, og er lagaákvæðum hér að lútandi fylgt fram til hins ýtrasta, því að án þess er ekki hægt að starfrækja hinar nákvæmu spjaldskrár, sem alls staðar eru til.

Hér á landi hefur ekki enn verið komið skipan á þessi mál. Í lögum nr. 95/1936, um heimilisfang, eru að vísu ákvæði um skyldu til að tilkynna bústaðaskipti, en þau hafa aldrei komið til framkvæmda og auk þess skortir mikið á, að þau séu nægilega ýtarleg og að öðru leyti þannig úr garði gerð, að þau séu nothæf til þessara hluta. Mun hvergi á landinu vera gengið eftir því, að menn tilkynni bústaðaskipti, nema í Reykjavík, en í lögum nr. 18/1901, um manntal í Reykjavík, eru sérstök ákvæði um tilkynningar bústaðaskipta þar, en þau eru mjög fáorð og ófullkomin.

Með frv. þessu er lagt til, að lögfest verði almennt skylda til að tilkynna aðsetursskipti og eru í frv. ýtarleg ákvæði um, hvenær og hvernig aðsetursskipti skuli tilkynnt og um annað það, er máli skiptir í þessu sambandi. Ber brýna nauðsyn til, að um þetta verði sett lög, sem komi til framkvæmda frá og með 17. október 1952, þ. e. a. s. strax eftir manntalið, sem fór fram miðað við 16. október 1952. Var

manntal þetta tekið samkvæmt bráðabirgðalögum 10. sept. 1952, en þau voru sett til þess að manntalið í ár yrði, vegna spjaldskrárgerðarinnar, tekið á sama tíma um allt land og miðað við gerð spjaldskrárinnar. Vegna þess hve tími er naumur til stefnu, hefur ekki verið unnt að athuga sem skyldi öll þau atriði, sem hafa þarf hliðsjón af við setningu löggjafar um tilkynningar aðsetursskipta, en frv. þessu er ekki ætlað að fela í sér frambúðarlausn þessara mála. Reynist sjálfsgagt óhjákvæmilegt að endurskoða og breyta ýmsum ákvæðum, þegar reynsla hefur fengizt um þau í framkvæmd. Aðaltilgangur frv. er sá að reisa til bráðabirgða eina stoð, sem vantar til viðbótar því, sem fyrir er, til þess að starfræksla spjaldskrárinnar geti hafizt.

Samkvæmt frv. er mönnum í fyrsta lagi gert að skyldu að tilkynna aðsetursskipti, sem eiga sér stað innan viðkomandi sveitarfélags, svo og að tilkynna flutning heimilis til annars sveitarfélags, þegar menn sjálfir telja sig vera að taka þar nýtt heimilisfang. En af mörgum augljósum ástæðum er að öðru leyti ekki hægt að miða tilkynningarskyldu þessa við það, hvar menn teljast eiga heimilisfang (lögheimili), og hefur því sú leið verið farin við samningu frv. að binda tilkynningarskylduna við ákveðna tímadvöl í sveitarfélagi, þ. e. a. s. tvo mánuði, án tillits til, hvar menn teljast eiga heimilisfang (sbr. 2. mgr. 3. gr.). Þó eru, þegar vissar ástæður eru fyrir hendi, gerðar undantekningar frá reglunni um, að tveggja mánaða dvöl hafi í för með sér tilkynningarskyldu, og eru þær þessar (sbr. 3. mgr. 3. gr. frv.): 1) Alþingismenn og opinberir starfsmenn, sem dvelja við skyldustörf í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir eiga heimilisfang. 2) Börn, sem dvelja sumarlangt eða annað takmarkað tímabil utan heimilssveitar. 3) Þeir, sem dvelja við nám í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir eiga heimilisfang. 4) Þeir, sem dvelja við árstíðarbundin störf í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir eiga heimilisfang. Undantekning frá tilkynningarskyldu gildir þó aðeins meðan einhver slík ástæða er fyrir dvöl manns í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, og verður hann tilkynningarskyldur, þegar dvöl hans þar hefur staðið tvo mánuði frá því, að skilyrði fyrir undantekningu hvarf úr sögunni. Hliðstæðar reglur gilda, þegar menn koma frá útlöndum til dvalar hér (sbr. 5. gr.).

Vegna þess að frv. miðar þannig tilkynningarskylduna aðallega við tímalengd dvalar, hefur þótt rétt að nota orðið aðsetur til þess að tákna það ástand, sem leiðir af sér, eða kann að leiða af sér, tilkynningarskyldu þá, sem mælt er fyrir um. Orðin bústaður, heimili eða heimilisfang eru óheppileg í þessu sambandi, vegna þess að þau eru í annarri löggjöf notuð í merkingunni lögheimili, enda snerta ákvæði þessa frv. ekki á neinn hátt reglur gildandi löggjafar um heimilisfang og réttindi og skyldur manna í því sambandi, sbr. 15. gr. frv.

Skipan sú, sem frv. gerir ráð fyrir, að verði á þessum málum, er í aðalatriðum eins og nú skal greina:

Félagsmálaráðuneytið skal, í samráði við Hagstofuna, láta gera eyðublöð undir tilkynningar um aðsetursskipti, er skulu í kaupstöðum afhentar bæjarstjórum (í Reykjavík Manntalsskrifstofunni) og í hreppum oddvitum. Verður að telja, að heppilegra sé að fela þetta sveitarstjórnnum en öðrum aðilum, sem hér koma til greina, þar sem sveitarstjórnir hafa bezta aðstöðu til að fylgjast með fólksflutningum og margs konar hagsmuna að gæta í því sambandi. Frv. gerir ráð fyrir, að aðsetursskipti milli sveitarfélaga séu aðeins tilkynnt bæjarstjóra eða oddvita þess sveitarfélags, sem aðsetur er tekið í, enda á það að nægja, þar sem ákvæði frv. eru miðuð við það, að ein spjaldskrá sé fyrir allt landið, en ekki við það, að spjaldskrá sé fyrir hvert umdæmi. Auk þess er miklu hægara að fylgja tilkynningarskyldunni fram í því umdæmi, sem maður tekur sér aðsetur í, en í því umdæmi, sem farið er úr. — Algerlega tilsvarendi reglur gilda um tilkynningarskyldu þeirra, sem koma hingað til dvalar erlendis frá (sbr. 5. gr.), en þeir, sem fara úr landi til þess að taka sér bólfestu erlendis, eða til þess að dvelja þar 6 mánuði eða lengur, án þess að um sé að ræða námsdvöl, eiga að tilkynna það hlutaðeigandi bæjarstjórn eða oddvita (sbr. 6. gr.).

Ákveðnir frestir eru settir fyrir fullnægingu tilkynningarskyldu. Þegar menn við aðsetursskipti telja sig vera að taka nýtt heimilisfang, skal það tilkynnt áður en 7 dagar eru liðnir frá flutningnum. Annars er reglan sú, að menn verða tilkynningarskyldir, þegar þeir hafa dvalið 2 mánuði í viðkomandi sveitarfélagi, og skal þá tilkynningarskyldunni fullnægt innan 7 daga. Frá þessu gilda þó undantekningar þær, er fyrr voru nefndar, sbr. 3. mgr. 3. gr.

Í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir, að skyldan til að tilkynna aðsetursskipti hvíli á sérhverjum einstaklingi, sem fyllt hefur 18 ára aldur, en forráðamenn einstaklinga innan 18 ára aldurs og ósjálfráða einstaklinga skulu fullnægja tilkynningarskyldu fyrir þá. Jafnframt þykir óhjákvæmilegt, að hver húsráðandi beri ábyrgð á, að fullnægt sé tilkynningarskyldu fyrir einstaklinga, sem taka sér aðsetur í húsnæði á hans vegum, og tilsvarendi skylda er lögð á herðar forstöðumanna ýmissa stofnana o. þ. h. Enn fremur er hver húseigandi, innan vissra takmarka, gerður ábyrgur fyrir því, að fullnægt sé tilkynningarskyldu fyrir þá, sem taka á leigu húsnæði hjá honum. Þá er og ákvæði um sektir fyrir brot gegn tilkynningarskyldunni (sbr. 17. gr.) og er, eins og beinast liggur við, gert ráð fyrir, að sektarféð renni í hlutaðeigandi sveitarsjóð. Auk þessa, eru í 13. og 14. gr., ákvæði, sem er ætlað að tryggja framkvæmd laganna.

Til þess að undirstrika mikilvægi tilkynninga um aðsetursskipti, er svo fyrir mælt í 9. gr., að bæjarstjórar og oddvitar skuli kvitta skriflega fyrir móttöku þeirra. Slík kvittun auðveldar líka beitingu sektarákvæða, en þau þarf sennilega að nota allmikið í byrjun til þess að menn verði knúðir til að fullnægja tilkynningarskyldunni.

Í 11. gr. laganna er ákveðið, að tilkynningar um aðsetursskipti skuli sendar Hagstofunni, eftir að hlutaðeigandi sveitarstjórn hefur haft tækifæri til að skrá úr tilkynningunum það, sem hún þarfnast vitneskju um.

Ekki er gert ráð fyrir, að kostnaður ríkissjóðs af framkvæmd laganna verði annar en sá, sem leiðir af prentun eyðublaða og sendingu þeirra til sveitarstjórna. Að öðru leyti eiga sveitarstjórnir að bera kostnaðinn við framkvæmd laganna, og jafnframt er ákveðið, að sektir fyrir brot gegn ákvæðum um tilkynningarskyldu skuli renna í viðkomandi sveitarsjóð.